

Hestamannafélagið Geysir
Stóra-Rimakot
851 Hella

Reykjavík, 12. ágúst 2021
UST202106-142/Þ.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til uppsetningar áningahólfa - Friðland að Fjallabaki

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Hestamannafélagsins Geysi, dagsett 6. júní 2021, um leyfi til að setja upp áningarhólf fyrir hesta innan friðlandsins að Fjallabaki.

Friðlandið að Fjallabaki er friðlýst sem sbr. auglýsing nr. 354/1979. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask innan friðlandsins er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að skemma gróður, trufla dýralíf að óþörfu og hrófla við bergmyndunum.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að gera tvö áningarhólf við Sólvang og Kýlinga. Við Krókagil og Sölvahraun verða eldri áningarhólf endurnýjuð. Markmiðið með framkvæmdinni er að stýra því hvar ferðamenn á hestum stoppi hrossarekstra og minnka þannig rask á viðkvæmu landi. Hólfir verða um 15x15 metrar að stærð. Reknir verða niður 10 járnstaurar og lína strengd á milli þeirra sem verður fjarlægð yfir vetrartímann. Staurarnir verða reknir niður með traktor. Staðsetning áningarhólfana er meðfram skipulögðum reiðleiðum um friðlandið. Fulltrúi Umhverfisstofnunar ásamt fulltrúa á vegum Hestamannafélagsins Geysir fóru í vettvangsferð í friðlandið til að ákveða nákvæma staðsetningu áningarhólfanna. Niðurstaða þeirra vettvangsferðar var að ekki skyldi setja upp áningarhólf við Sólvang heldur við Eskihlíðarvatn.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin muni ekki hafa neikvæð áhrif á náttúru og ásýnd svæðisins sé farið eftir skilyrðum leyfisins. Um er að ræða áningarhólf fyrir hesta á ógrónum svæðum. Framkvæmdin mun að öllum líkindum draga úr álagi af völdum hestaumferðar þar sem einungis verður ánað með hestahópa í skilgreindum áningahólfum. Framkvæmdin er í samræmi við stjórnnunar- og verndaráætlun friðlandsins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Hestamannafélaginu Geysi fyrir sitt leyti leyfi fyrir uppsetningu á áningarhólfum við Eskihlíðarvatn og Kýlinga innan friðlandsins að Fjallabaki í samræmi við niðurstöðu vettvangsferðar og sbr. lýsingu hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.

- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Einungins skal aka traktornun að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Öll vinnutæki þurfa að vera hreinsuð áður en þau koma inn á svæðið, til að koma í veg fyrir innflutning á ágengum tegundum frá öðrum svæðum.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlægt.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst,

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri
Hákon Ásgeirsson
teymisstjóri